

# Leikskólinn Barnaból

Foreldrakönnun, niðurstöður skólaárið 2015-2016

---



Á hverju skólaári er lögð fyrir formleg tölfræðileg könnun á ánægju foreldra með fjölmarga þætti skólastarfsins svo og mat þeirra á líðan og ánægju barna sinna og samskipti við starfsfólk. Könnunin hefur á undanförunum árum verið rafræn og farið fram á fjölskyldusíðu en niðurstöður eru órekjanlegar til einstakra foreldra. Það er á ábyrgð Hjallastefnunnar ehf. að þessi könnun fari fram. Tölfræðileg úrvinnsla hefur verið í höndum Matthíasar Matthíassonar fyrrum umsjónarmanns samræmdra prófa, en í ár sá mannauðsfyrirtækið Attentus um könnunina og úrvinnslu hennar. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 11.apríl - 8.maí árið 2016

## Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir apríl/maí síðastliðnum fyrir foreldra nemenda Barnabóls. Sú ákvörðun var að senda á alla foreldra sem hafa skráð netfang hjá skólanum. Þetta er þjónustukönnun og gefur okkur tækifæri til að heyra raddir þeirra foreldra sem vilja leggja eitthvað til málanna. Margir foreldrar velja að svara saman fyrir sitt barn og jafnvel saman fyrir systkini.

Svarhlutfall: 44%

Ástæður dræmrar þáttöku geta verið misjafnar. Oft svarar einungis annað foreldrið könnuninni og teljum við að sú sé ástæðan í þetta skiptið.

Eftir könnunina er unnin umbótaáætlun og er hún notuð til að bera saman framfarir á milli ára og bæta og styrkja skólastarfið.

## Niðurstöður

Athugað skal að heildarniðurstaðan er hlutfall af 5 mögulegum stigum.

Spurningar	Heild
Hversu vel eða illa uppfyllir skólinn þær kröfur sem þú gerir fyrir hönd barnsins þíns varðandi námslega þætti? (Aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla)?	4,51
Hversu vel eða illa uppfyllir skólinn þær kröfur sem þú gerir fyrir hönd barnsins þíns varðandi félagslega styrkingu? (Hjallastefnunámskrá; vinátta, agi, rósemd, friður)	4,61
Hversu vel eða illa uppfyllir skólinn þær kröfur sem þú gerir fyrir hönd barnsins þíns varðandi einstaklingsstyrkingu? (Hjallastefnunámskrá; frumkvæði, sjálfstraust, hreinskiptni, kjarkur)?	4,57
Hversu ánægt eða óánægt er barnið þitt í skólanum?	4,56
Hversu fullnægjandi eða ófullnægjandi er upplýsingastreymið frá skólanum til þín?	4,20
Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með samskipti starfsfólks og barna í skólanum?	4,57
Hversu vel eða illa er tekið á móti barninu þínu þegar það kemur í skólann?	4,70
Hversu jákvæðu eða neikvæðu viðmóti starfsfólks mætir þú í skólanum?	4,72
Hversu opnu eða lokuðu viðmóti starfsfólks mætir þú í skólanum?	4,55
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með frístundarstarf skólans?	4,12
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hirðusemi starfsfólks varðandi fatnað og aðrar eigur barnsins?	4,20
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur)ertu með frammistöðu kennara á kjarnanum?	4,61
Hversu auðvelt eða erfitt áttu með að ná sambandi við stjórnendur skólans?	4,38
Hversu góða eða slæma úrlausn þinna mála færðu hjá stjórnendum skólans?	4,36
Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með gæði þeirra máltíða sem eru á boðstólum í skólanum?	4,45
Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með skólanum við vini eða kunningja?	4,57

### Finnst þér lengd foreldraviðtala vera ...

Kvarði	Hlutfall
of stutt?	9,60%
hæfilega löng?	84,40%
of löng?	0,70%
Hef ekki nægar upplýsingar til að leggja mat á þetta	3,70%

### Hentar þér best að hafa foreldraviðtöl á ...

Kvarði	Hlutfall
Vikrum dögum?	33,40%
Laugardögum?	61,70%
Hef ekki nægar upplýsingar til að leggja mat á þetta	3,70%

## Samantekt

Á Barnabóli vinna foreldrar og starfsfólk skólans mikið saman og sýnir könnunin að almenn ánægja er með samstarfið. Starfsfólkið er ánægt með niðurstöðurnar og markmið okkar er að auka þátttöku foreldra í könnuninni og að halda þessari góðu niðurstöðu um ókomna tíð.

Foreldrar eru almennt ánægðir með skólafatnað Hjallastefnunnar en upp hafa komið vandamál varðandi léttbuxurnar. Þau vandamál ættu að vera úr sögunni í haust því að nýr framleiðandi hefur tekið við framleiðslu á skólafatnaði Hjallastefnunnar og er nýja efnið vandaðara og slitsterkara.

## Umbætur

Stjórnandi ákvað að taka þá þætti til athugunar sem komu verst út úr könnuninni (undir 4,30 stigum af 5 mögulegum). Þeir þættir eru:

- 1. Hversu fullnægjandi/ófullnægjandi er upplýsingastreymið frá skólanum til þín? 4,20 stig**
  - Til viðbótar við Föstudagspóst frá kjörnum vikulega munu foreldrar fá svokallaðan Mánudagspóst frá stjórnanda. Í Mánudagspósti er farið yfir skipulag komandi viku, forföll á starfsfólki og afleysingar ef einhverjar eru.
  - Upplýsingastreymi mun einnig verða meira með tilkomu nýs kerfis og heimasíðu: Karellen
- 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með frístundarstarf skólans? 4,12 stig**
  - Ekkert eiginlegt frístundarstarf er við Barnaból en vert er að athuga hvað gæti falist í þessu hlutfalli stiga.
- 3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hirðusemi starfsfólks varðandi fatnað og aðrar eigur barnsins? 4,20 stig**
  - Þessi ákveðni þáttur er alltaf í vinnslu og munum við vinna af fremsta megni að því að mæta kröfum foreldra um góða umgengni fatnaðar og eigur nemenda.
  - Skólafötin eru vinnuföt barnanna og er því eðlilegt að þau slitni fyrr en „heimafötin“. Með nýjum framleiðanda skólafatnaðar vonum við að gæði efnis sé meiri og að fatnaðurinn endist lengur s.s. léttbuxurnar og merking á bolum.
- 4. Foreldraviðtöl Á virkum dögum: 33,40% / Á laugardögum 61,70%**
  - Í ljósi þess að meirihluti foreldra myndi kjósa að hafa foreldraviðtölin á laugardegi eins og tíðkast innan annara Hjallastefnuleikskóla þá munum við svara þeirri beiðni. Foreldraviðtöl skólaárið 16-17 verða á laugardögum í nóvember og mars (sjá skóladagatal)

Það er meðbyr fyrir starfsfólk skólans að finna alla þessa jákvæðni frá foreldrum. Starfið í skólanum og ánægt starfsfólk er klárlega mikill styrkur fyrir starfseminna sem skilar sér til barnanna. Þeir þættir sem mældust hva best í könnuninni sneru að jákvæðni kennara gagnvart börnum, góðum móttökum að morgni og að fagstarfi skólans. Það reynir á að halda fagstarfi skólans á þeim stað sem við erum í dag og með góðum stuðningi frá vinaskólum okkar og áframhaldandi námi starfsfólks erum við sannfærð um að halda góðum gæðum í öllu okkar starfi.

María Ösp Ómarsdóttir – daglegur stjórnandi